




Ársskýrsla Tröllaborgar



Veturinn 2010-2011

Anna Árnína Stefánsdóttir

Efnisyfirlit

1 Almennar upplýsingar	3
1.1 Gerð leikskóla, húsnæði og lóð	3
1.2 Viðhald og breytingar	3
1.3 Starfstími Tröllaborgar	4
2 Hugmyndafræði Tröllaborgar	4
2.1 Starfsgrundvöllur	4
2.2 Áherslur Tröllaborgar	4
2.3 Daglegt líf í Tröllaborg	5
2.4 Dagskipulag.....	6
3 Leikskólastarfið	6
3.1 Framkvæmd ársáætlunar	6
3.2 Grænfáninn.....	7
3.3 Starfið hvern mánuð.....	7
3.4 Útikennsla.....	13
3.5 Skólahópur.....	13
4 Nemendur.....	14
4.1 Nemendafjöldi	14
4.2 Sérkennsla	15
5 Starfsmenn	15
5.1 Fjöldi starfsmanna og stöðugildi	15
5.2 Starfsmenn í fjarnámi	15
6 Símenntun	16
6.1 Ýmis námskeið	16
6.2 Skipulagsdagar.....	16
7 Mat á skólastarfi	16
8 Tölvumál	17
9 Önnur samskipti.....	17
9.1 Grunnskólinn	17
9.2 Foreldrasamstarf	18
9.3 Vinnuskólanemar.....	18
9.4 Gjafir	18
10 Skólanámskrá og annað útgefið efni	18

1 Almennar upplýsingar

Haustið 2003 var ákveðið að sameina leikskólana út að austan þ.e. Brúsabæ á Hólum, Barnaborg á Hofsósi og Bangsabæ í Fljótum og ráða einn leikskólastjóra. Samheiti þessa nýja leikskóla er Tröllaborg en hver deild heldur þó sínu nafni og séreinkennum. Í öllum deildunum er boðið upp á morgunmat, heita máltíð í hádegi og seinnipartskaffi. Matseðlar, dagskipulag og aðrar upptakomur má finna á heimasíðu leikskólans.

1.1 Gerð leikskóla, húsnæði og lóð

Bangsabær í Fljótum

Bangsabær í Fljótum er í húsnæði grunnskólans, 60 m² að stærð og rúmar 8 börn samtímis í vistun. Börnin matast í matsal grunnskólans.

Barnaborg á Hofsósi

Barnaborg er á Suðurbraut 7 á Hofsósi, húsnæðið er 125,7 m² að stærð og rúmar 15 börn samtímis í vistun. Kjallari er undir hluta hússins og er hann nýttur sem geymsla fyrir útidót og fleira.

Brúsabær á Hólum

Brúsabær flutti í nýtt húsnæði sem var byggt við Grunnskólann að Hólum í janúar 1999. Húsnæðið er 112 m² að stærð og rúmar það 16 börn samtímis í vistun. Árið 2008 var húsnæðið stækkað inn í grunnskólabygginguna og geta nú verið 40 börn samtímis í vistun. Börnin matast í matsal grunnskólans.

1.2 Viðhald og breytingar

Viðhald innanhúss

Barnaborg á Hofsósi: Baðherbergi var endurnýjað. Skipt var um innréttingu, pissuskál var tekin og sett upp annað klósett, einnig sett skilrúm á milli klósetta. Veggir og loft málað og flísar settar á gólf og upp á miðja vegg. Settur var vaskur í föndurherbergi, skápur tekinn í forstofu og fatahólfum barnanna fjölgað.

Brúsabær á Hólum: Ekkert viðhald var innanhúss í Brúsabæ

Bangsabær í Fljótum: Ekkert viðhald var í Bangsabæ

Viðhald utanhúss

Bangsabær: Ekkert viðhald var í Bangsabæ.

Barnaborg: Girðing sunnan og vestan við húsið endurnýjuð. Skúr fyrir útileikföng settur upp á lóðinni, sandkassi endurnýjaður og sett upp lítið hús í tengslum við sandkassann.

Brúsabær: Ekkert viðhald var í Brúsabæ.

1.3 Starfstími Tröllaborgar

Starfsárið í Barnaborg og Brúsabæ var frá 9. ágúst 2010 til 1. júlí 2011. Brúsabær var opinn frá 7:45 – 16:15 alla daga vikunnar, Barnaborg var opin frá 8:00-16:15 fjóra daga vikunnar, á föstudögum var lokað kl.15:00.

Að ósk foreldra í Bangsabæ þá er sami starfstími hjá leikskólanum og hjá grunnskóla staðarins, þannig að starfsárið í Bangsabæ var frá 24. ágúst 2010 til 24. maí 2011. Opnunartíminn var frá 8:00 – 13:00 alla daga vikunnar.

Vistunartíminn er sveigjanlegur í öllum deildum. Við höfum þó reynt að hvetja foreldra til þess að koma með börnin flesta daga vikunnar en foreldrum sem þurfa að keyra börnin langar vegalengdir finnst kostur að geta fengið vistun fyrir börnin færri daga vikunnar en lengri tíma í senn. Við reynum að koma til móts við óskir allra og flestir fá þann tíma sem þeir óska eftir. Flestir sem koma fyrir hádegi eru í hádegismat þannig að hádegistíminn er vel nýttur.

2 Hugmyndafræði Tröllaborgar

2.1 Starfsgrundvöllur

Tröllaborg byggir starf sitt á lögum um leikskóla og uppeldisáætlun leikskólanna eins og hún kemur fram í Aðalnámskrá leikskóla frá 1999. Í lögum segir að veita skuli börnum góða umönnun og örugg uppeldisskilyrði. Ennfremur segir að leikskólinn skuli í samráði við foreldra og aðra forráðamenn veita börnum á leikskólaaldri uppeldi og menntun. Meginstefna í markmiðslýsingu Aðalnámskrár er að uppeldisstarfið myndi órofa heild og stuðli þannig að því að efla alhliða þroska barnsins í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins. Í samræmi við aðalnámskrá gerir leikskólinn sína eigin skólanámskrá sem hægt er að nálgast á heimasíðu leikskólans. Í vetur kom út ný Aðalnámskrá leikskóla og eigum við eftir að samræma skólanámskrána okkar að henni.

2.2 Áherslur Tröllaborgar

Aðaláhersla er lögð á leikinn, umhverfismennt og félagslega færni með það að markmiði að hver einstaklingur fái notið sín sem best. Með þessa þætti að leiðarljósi er litið til kenninga **Johns Dewey** sem lagði áherslu á það að lifa og læra væru samofnir þættir og börn þurfa að fá að rannsaka og prófa til að öðlast aukna þekkingu. Einnig er horft til kenninga **Lev Vygotsky** sem lagði áherslu á að nám eigi

sér stað í félagslegu samhengi í samskiptum milli barns annars vegar og fullorðins eða eldra barns sem hefur meiri þekkingu hins vegar.

Leikurinn er helsta námsleið barna og í gegnum hann efla þau alla þroskættina. Því leggur starfsfólk leikskólans mikla áherslu á að leiknum sé gefið mikið svigrúm í starfsemi. Markvisst er stuðlað að því að leiktækifæri og leikefni barnanna séu fjölbreytt svo öll börn geti notið sín í leiknum á eigin forsendum. Hugað er að því að börnin fái að glíma við krefjandi verkefni undir handleiðslu og hvatningu starfsfólksins í þeim tilgangi að efla börnin til aukins þroska og getu.

Í hverju barni býr mikil og fjölbreytt sköpun. Í leikskólanum er lögð áhersla á að hvert barn fái að njóta sín á sínum eigin forsendum og fái tækifæri til að koma sínum hugmyndum og sköpunarkrafti á framfæri á fjölbreyttan hátt.

Nauðsynlegt er að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og öðru fólki. Besta leiðin til að kenna börnunum að bera virðingu fyrir öðrum er að sýna þeim sjálfum virðingu. Þetta er haft að leiðarljósi í leikskólanum. Börnunum er hrósað þegar þau sýna jákvæða hegðun og hvetur það þau áfram auk þess sem það verður til þess að þau taka eftir því jákvæða í fari hvers annars.

2.3 Daglegt líf í Tröllaborg

Venjubundnar athafnir daglegs lífs í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnanna. Námið í leikskóla er bæði með formlegum og óformlegum hætti. Formlega námið fer að mestu fram í hópstarfi en óformlega námið á sér stað allan daginn í leikskólanum, svo sem í gegnum leikinn og í tengslum við daglegar athafnir barnanna. Með því að hafa skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefur það leikskólustarfinu festu og tryggir hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.

Þegar barn byrjar í leikskólanum fá foreldrar þess afhenta handbók þar sem fram koma upplýsingar um alla fasta þætti í starfi leikskólans. Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi sem þó er sveigjanlegt eftir aðstæðum. Dagskipulagið er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra, aldri, samsetningu barnahópsins, dvalartíma og öðrum ytri skilyrðum. Í byrjun hvers mánaðar er sett á heimasíðu Tröllaborgar mánaðarskipulag með upplýsingum um allt starf þann mánuðinn, ásamt upplýsingum um hádegismatseðil.

Vikulega setja hópstjórar inn á heimasíðu leikskólans hvað var gert í vikunni í hópstarfinu og hvernig gekk, þannig að foreldrar geti fylgst vel með því starfi sem

fram fer í leikskólanum. Einnig eru send út vikuleg fréttabréf í tölvupósti.

Á haustin er gefið út skóladagatal þar sem fram koma helstu atburðir vetrarins. Hægt er að nálgast dagskipulagið og skóladagatalið inn á heimasíðu leikskólans.

2.4 Dagskipulag

Markmiðið er að hafa dagskipulagið sem líkast frá degi til dags. Ákveðnar tímasetningar og skipulag skapa ramma um leikskólastarfið og um leið festu og öryggi fyrir barnið og starfsfólkið.

Barnaborg og Brúsabær:

08:00-08:30 - Rólegur leikur

08:30-09:00 - Morgunmatur

09:00-10:00 - Útivera

10:00- 10:30 - Ávaxtastund

10:30-11:30 - Hópastarf

11:30-12:00 - Samveru- og söngstund

12:00-12:45 - Hádegismatur

12:45-13:15 - Hvíld /sögustund

13:15-15:00 - Leikur ýmist inni eða úti.

15:00-15:30 - Kaffi

15:30-16:15 - Leikur inni eða úti Leikur/hópastarf

16:15 - Leikskólinn lokar

Bangsabær

8:00-8:30 - Leikskólinn opnar / Rólegur leikur > 8:30-9:00 - Morgunmatur

9:00-10:00 – útivera > 10:00-10:15 – Ávaxtatími > 10:15-12:00 - Hópastarf

12:00-12:30 - Hádegismatur > 12:30-13:00 – útivera > 13:00 - Leikskólinn lokar

3 Leikskólastarfið

3.1 Framkvæmd ársáætlunar

Það er orðinn fastur liður í öllum deildum að nota haustið í ýmsar vettvangsferðir s.s. fjöruferð, skógarferð, berjaferð og fleira. Í þessum ferðum söfnum við efnivið sem notaður er yfir veturinn, við leggjum áherslu á að nota verðlausan efnivið í sem flesta vinnu með börnunum. Ef farið er í rútu eru þær ferðir oftast sameiginlegar, en að öðru

leiti nýtir hver deild sitt nánasta umhverfi til rannsókna. Á vorin er vika til tíu dagar teknir í þemastarf, í vor var unnið í tengslum við Grænfánaverkefni og heilbrigði og hollustu. Þemavinnan endar á opnum degi þar sem foreldrum og öðrum áhugusömum gefst kostur á að koma og skoða afrakstur þemavinnunnar. Allan veturinn er unnið markvisst með tónlist, myndlist og hreyfingu, eins fléttum við leikinn inn í alla þætti starfsins.

Einu sinni í viku var öðruvísidagur en það eru dagar sem við höfum einhverja tilbreytingu frá venjubundnu starfi. Þessir dagar eru merktir inn á mánaðarskipulagið. Einu sinni í mánuði eða síðasta fimmtudag í hverjum mánuði var haldin afmælisveisla fyrir þau börn sem eiga afmæli þann mánuðinn. Afmælisbörnin aðstoðuðu við að undirbúa afmælisveisluna og baka t.d. muffins eða skúffuköku eða hvað annað sem okkur datt í hug.

3.2 Grænfáninn

Við fengum Grænfánann afhentan 6. september 2010 og héldum af því tilefni heilmikla grænfánahátíð. Fyrst var byrjað í Fljótum og þar var öllum boðið upp á kaffi og bakkelsi síðan lá leiðin í Hofsós fyrst í leikskóann þar sem fáninn var afhentur síðan var gengið í skrúðgöngu í grunnskólann og fáninn afhentur þar. Eftir þessar tvær athafnir var öllum boðið upp á grillaðar pylsur. Seinast lá leiðin í Hóla þar sem leik- og grunnskólabörnin fengu sína fána og hátíðin endaði svo á að öllum var boðið upp á kaffi og heljarinnar skúffuköku sem var með grænu kremi og merki grænfánans.

3.3 Starfið hvern mánuð

Ágúst mánuður byrjaði með starfsdegi leikskólans föstudaginn 7. ágúst þar sem starf vetrarins var skipulagt. Mánudaginn 9. ágúst opnaði leikskólinn aftur eftir sumarfrí. Aðlögun nýrra barna fór fram í mánuðinum. Mestur partur mánaðarins var nýttur í gönguferðir, berjatíslu og að njóta náttúrunnar. Útikennslan í Brúsabæ hófst á markvissan hátt í lok mánaðarins þar sem eldri börn leikskólans fóru í skipulagðar ferðir undir stjórn kennara ásamt yngstu deild grunnskólans. Í Brúsabæ hófst einnig samstarf leikskólans og Grunnskólans að Hólum í sambandi við þróunarverkefnið *Leikur og læsi*. Þessi samvinna fólst í því að skólahópur leikskólans og yngsta deild grunnskólans hittust tvisvar í viku ásamt kennara yngstudeildar í sögustund. Einnig komu nemendur elstu deildar grunnskólans í leikskólann til að lesa fyrir leikskólabörnin tvisvar í viku.

Útivera var megin þema ágúst mánaðar í Barnaborg og nutu börnin veðurblíðunnar bæði á útisvæði leikskólans og í göngu- og skoðunarferðum um næsta nágrenni.

Bangsabær var einungis opin síðustu vikuna í ágúst og var sú vika notuð til útiveru og leikja.

Í **september** nutum við veðurlíðunnar meðan yngstu börnin voru að venjast leikskóladvölinni. Þann 6. september var Grænfánahátíð á öllum starfstöðvum leikskólans. Þá náði leikskólinn loksins því markmiði að flagga grænfánanum sem tákn um að vera leikskóli á grænni grein. Þann 16. september fóru fjögurra og fimm ára nemendur Brúsabæjar í gönguferð í Víðinesdal ásamt nemendum Grunnskólans að Hólum. Hópastarf hófst um miðjan mánuðinn og var það þrjú daga vikunnar. Kirkjuskólinn hóf starfsemi sína í mánuðinum og var hann vikulega í Brúsabæ en í Barnaborg var kirkjuskólinn á tveggja vikna fresti. Í Brúsabæ voru þrír aðrir uppákomudagar í mánuðinum: hjóladagur, spiladagur og náttfataball. Í Barnaborg var farið í berjamó í byrjun mánaðarins. Aðrir uppákomudagar septembermánaðar í Barnaborg voru listadagur, hjóladagur, boltadagur og afmælisveisla. Hin hefðbundna sláturgerð fór fram síðasta dag mánaðarins í Barnaborg og tóku börnin virkan þátt í henni, fylgdust með af athygli þegar deigið var búið til og fengu svo að setja það í keppina. Í Bangsbæ var septembermánuðurinn notaður til útiveru, farið í gönguferðir og tíndur efniviður fyrir verkefni vetrarins.

Fyrsta **október** var haldið haustþing leikskólakennara á norðurlandi-vestra og var leikskólinn lokaður þann dag. Sláturgerð er orðin ríkur þáttur í leikskólastarfinu þar sem hún hefur tekist svo vel. Börnin létu ekki sitt eftir liggja og tóku virkan þátt í sláturgerðinni. Í Brúsabæ var sláturgerðin að þessu sinni í samstarfi við Grunnskólann að Hólum. Farið var í fjöruferð í lok október í fjöruna á Hofsósi, þar var fjaran og sjórinn skoðaður. Í lokin fengu svo allir heitt kakó og ávaxtabita í fjörunni. Hefðbundið hópastarf leikskólans hófst í byrjun mánaðarins þar sem unnið er út frá námssviðum leikskóla í gegnum Íþróttir, listir og málörvun. Í Barnaborg fara allir aldurshópar í íþróttir, listir og málörvun.

Í Brúsabæ mætti skólahópurinn í tónmennt ásamt yngstu deild grunnskólans. Þrír aðrir uppákomudagar voru í Brúsabæ: bóka-, ruglu-, og boltadagur. Í Barnaborg voru uppákomudagarnir gulur dagur, náttfataball, púsldagur og afmælisveisla. Í Bangsabæ byrjaði skólahópurinn að fara í grunnskólann í tíma til Guðrúnar deildarstjóra grunnskólans. Þetta var svo gert vikulega í allan vetur.

Í **nóvember** tókum við þátt í verkefninu „jól í skókassa“ og er þetta sjöunda árið sem við tókum þátt í þessu verkefni. Þetta verkefni vekur upp umræðu við börnin um að ekki sé sjálfgefið að allir fái jólagjafir og hafi það eins gott og við. Á *Degi Íslenskrar*

tungu var í Brúsabæ fenginn gestalesari til að segja börnunum sögu. Í tilefni þess dags var öll vikan tileinkuð bókum og máttu nemendur koma með bækur að heiman. Eins og fyrri ár tóku nemendur Brúsabæjar þátt í haustskemmtun nemenda Grunnskólans að Hólum. Að þessu sinni fóru nemendur með hluta af kvæðinu „Nautamál á nýársnótt“ og einnig voru sungin tvö lög. Við starfsfólkið vorum að sjálfsögðu mjög stolt af okkar nemendum sem sjálfir voru hæstánægðir með sitt framlag. Boðið var upp á kaffiveitingar að skemmtun lokinni. Listadagur var haldinn í Brúsabæ og var hann nýttur til að útbúa jólagjafir handa foreldrum. Börnin útbjuggu gjafirnar, máluðu kort og umbúðapappír auk þess sem þau útbjuggu pakkaband. Upp úr miðjum mánuðinum hófust íþróttatímar hjá skólahóp Brúsabæjar sem er sameiginlegur með nemendum í yngstu deild grunnskólans. Tveir aðrir uppákomudagar voru í Brúsabæ, rauður dagur og dótadagur. Í Barnaborg voru uppákomudagarnir litadagur (bleikur), rugludagur, bókadagur og afmælisveislan var á sínum stað, síðasta fimmtudaginn í mánuðinum. Í tilefni af degi íslenskrar tungu heimsóttu tveir elstu árgangar Barnaborgar fyrsta og annan bekk í skólann. Þar fengu leikskólabörnin að hlusta á leiklestur gestgjafanna. Fyrsti og annar bekkur endurguldu svo heimsóknina og fengu að hlusta á söng og sögur sem eru í miklu uppáhaldi á leikskólanum. Í lokin fengu svo skólakrakkarnir að leika sér að dótinu á leikskólanum. Í Bangsabæ byrjaði skólahópurinn að mæta með grunnskólabörnunum í íþróttir og var það þannig vikulgega í vetur.

Síðasta föstudaginn í mánuðinum voru allar starfsstöðvar leikskólans skreyttar en aðventan byrjaði þá helgi.

Í **desembermánuði** voru rólegheitin í fyrirrúmi. Um miðjan mánuðinn fór formlegt hópastarf í jólafrí. Margar hefðir hafa skapast í leikskólanum hvað varðar undirbúninginn og voru þær í hávegum hafðar. Bakaðar voru piparkökur og litu margir upprennandi bakameistarar dagsins ljós. Sumum þeirra fannst þó réttast að bragða töluvert vel á deiginu til að kanna hvort það væri ekki örugglega í lagi. Foreldrar komu svo og skreyttu kökurnar með börnum sínum. Börnin föndruðu mikið í jólamánuðinum, hlustuðu á jólasögur og jólatónlistin var allsráðandi meðan börnin fengu fræðslu um jólahald fyrr og nú. Hvítskeggjuðu jólasveinarnir fengu auðvitað sinn skerf af fræðslunni enda mikill áhugi hjá nemendum um hátterni þessara þrettán pörupilta. Litlu jólin voru haldin með hefðbundnum hætti. Foreldrafélag Brúsabæjar stóð fyrir jólaföndri í samvinnu við foreldrafélag Grunnskólans að Hólum og áttu þar börn og foreldrar ánægjulega stund við undirleik jólatónlistar meðan allir gæddu sér á veitingum í anda jólanna. Börnin á Hólum fengu að spreyta sig á að

skera út laufabrauð sem síðan var steikt og borið fram með jólamáltíðinni. Litlu jólin voru með svipuðu sniði á hverri starfsstöð. Í Bangsabæ voru börnin í rólegheitum inni á deild, hlustuðu á jólasögu og fengu pakka. Eftir það var farið í grunnskólann á Sólgörðum og dansað með nemendum þar í kringum jólatréð og farið í leiki. Síðan settust allir saman að veisluborði þar sem borið var fram kakó og kökur. Í Barnaborg var róleg stund inni á deild, kakó og piparkökur milli 9 og 10, eftir það var dansað kringum jólatréð. Jólasveinar komu í heimsókn og færðu börnunum mandarínur og pakka. Í hádeginu var borðaður sannkallaður jólamatur. Í Brúsabæ voru börnin í rólegheitum inni á deild og hlustuðu á jólasögu og fengu pakka. Í hádeginu var sameiginleg jólamáltíð leikskólans og grunnskólans. Eftir hádegi söfnuðust allir saman inni í grunnskóla og sungu saman, dönsuðu í kringum jólatréð, jólasveinar komu í heimsókn og færðu börnunum mandarínur og epli. Í lokin var svo öllum boðið upp á veitingar í boði foreldrafélaganna. Pakkarnir sem börnin fengu voru gefnir af foreldrafélögum leikskólanna. Í Bangsabæ fóru allir í jólafrí eftir litlu jólin og mættu ekki aftur fyrr en grunnskólinn opnaði í janúar. Í Barnaborg og Brúsabæ fækkaði líka verulega og milli jóla og nýárs voru þrjú börn í Barnaborg og tvö börn í Brúsabæ. Í Brúsabæ voru tveir aðrir uppákomudagar, vasaljósadagur og grænn dagur. Í Barnaborg voru uppákomudagarnir piparkökubakstur, litadagur (rauður), dekurdagur og afmælisveisla mánaðarins.

Janúar bauð upp á fasta liði í starfi leikskólans á nýjan leik. Fram að þrettándanum voru þó rólegheitin í fyrirrúmi. Þorranum var fagnað með þorrablóti. Börnin útbjuggu víkingahjálma sem þau báru og komu með smá sýnishorn af þorramat að heiman sem allir gæddu sér á. Féll maturinn þó misvel í mannskapinn en allir voru hvattir til að smakka. Í Bangsabæ var sameiginlegt þorrablót með börnum og starfsfólki grunnskólans. Tveir aðrir uppákomudagar voru í Brúsabæ, dótadagur og púsludagur. Í Barnaborg voru aðrir uppákomudagar dótadagur og afmælisveislan.

Í **febrúar** var mikið um að vera. Þann 6. febrúar var dagur leikskólans og að sjálfsögðu létum við ekki okkar eftir liggja. Í tilefni dagsins héldum við brunch í öllum deildum Tröllaborgar, fyrir foreldra og velunnara leikskólans í samstarfi við grunnskólann en margir af nemendum grunnskólans hafa dvalið í leikskólanum. Sameiginlegur námskeiðsdagur leikskólanna í Skagafirði var 9. febrúar og leikskólinn því lokaður. Foreldraviðtöl fóru fram í febrúar og tókust mjög vel. Það er alltaf jafn gleðilegt hversu mikil ánægja er hjá foreldrum með starf leikskólans. Þrír aðrir

uppákomudagar voru í Brúsabæ: blár dagur, boltadagur og spiladagur. Í Barnaborg voru uppákomudagarnir hattadagur, litadagur (rauður) rugludagur og afmælisveislan.

Uppákomurnar voru fjölmargar í **marsmánuði**. Börnin fóru í nokkra tíma í danskennslu undir stjórn Jóns Þórs danskennara. Danstímarnir enduðu svo á sýningu fyrir foreldra. Þessa danstíma hefur Grunnskólinn gefið leikskólanum og kunnnum við þeim bestu þakkir fyrir. Haldið var upp á bolludag, sprengidag og öskudag með hefðbundnum hætti. Nemendur bjuggu sér til bolluvendi í öllum deildum leikskólans og gæddu sér að sjálfsgöðu á bollum í öll mál. Saltkjöt og baunir voru auðvitað á matseðli sprengidags og öskudagur var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Í Bangsabæ og Barnaborg mættu börnin grímuklædd og slegið var upp heilmiklu öskudagsballi og kötturinn sleginn úr tunnunni. Í Brúsabæ fór skólahópurinn gangandi til Hólastaðar ásamt nemendum Grunnskólans að Hólum. Þar var sungið fyrir ýmsa mæta menn og hlutu þau óvæntan glaðning að launum. Síðan var sameiginlegt öskudagsball og búningakeppni Brúsabæjar og Grunnskólans að Hólum. Þrír aðrir uppákomudagar voru í Brúsabæ: dótadagur, dekurdagur og rugludagur. Í Barnaborg voru uppákomudagarnir að auki boltadagur, litadagur (brúnn), dótadagur og afmælisveisla. Skólahópur Barnaborgar hóf skólaheimsóknir 11. mars og voru þær vikulega fram í maí. Starfsmaður leikskólans mætti með þau í grunnskólann kl. 9.20 og sótti þau kl. 11.00. Þar tóku börnin þátt í starfi grunnskólans, og fengu þau meðal annars að fara í tölvutíma og tónmenntatíma. Stór liður í heimsóknunum var að fara í mötuneytið sem er í Höfðaborg en þangað fóru þau með fyrsta og öðrum bekk í morgunmat. Að auki fékk skólahópurinn að vera með tveimur yngstu bekkjum grunnskólans í íþróttum einu sinni í viku frá mars og fram í maí og kom það mjög vel út.

Starfið í **apríl** var margskonar. Í Brúsabæ var markviss málörvun fyrir alla tekin upp á föstudögum. Undirbúningur páskanna hófst um miðjan mánuðinn og var fönndrað töluvert og í Brúsabæ var listadagur tileinkaður páskaföndri. Í öllum deildum fengu börnin fræðslu um páskahaldið. Eins og undanfarin ár fengu börnin páskaglaðning. Þurftu börnin að leita að glaðningnum sem starfsfólkið hafði falið. Páskaglaðningurinn var að þessu sinni kex, rúsínur og fleira góðgæti í skreyttu glasi auk málsháttar sem er ómissandi. Það var þó ekki nóg að börnin þyrftu að leita að sínum glaðningi, heldur þurfti starfsfólkið að hafa fyrir því að finna sinn því börnin sáu um að fela þá. Eftir viðamikla leit settust allir niður og gæddu sér á innihaldinu. Fyrir hádegi 18. apríl var leikskólinn lokaður vegna starfsmannafundar. Tveir aðrir uppákomudagar voru í

Brúsabæ, dótadagur og íþróttadagur. Í Barnaborg voru aðrir uppákomudagar aprílmánaðar púsldagur og afmælisveisla

Í byrjun maí var þemavika í öllum deildum leikskólans í tengslum við Grænfánann. Skipulagðir voru grænir dagar með fjölbreyttri dagskrá þar sem komið var inn á alla námsþætti. Í Brúsabæ var aðaláherslan lögð á hreyfingu og útivist. Þemavikan var að þessu sinni í Sæluvikunni og var opið hús framlag leikskólans til hennar. Á Hólum var sameiginlegt opið hús hjá leik- og grunnskóla. Á opna húsinu var merkt gönguleið í skóginum og voru ýmis verkefni lögð fyrir göngufólk á leiðinni, og eftir þá þrautagöngu var boðið upp á lummur í útielldhúsinu. Í Barnaborg var einnig lögð áhersla á hreyfingu og voru börn, foreldrar og starfsfólk hvatt til að ganga í og úr leikskólanum. Þemaverkefnið var Grafarós, gamli verslunarstaðurinn sem var við ósa Grafarár, sunnan við Hofsó. Börnin fóru í vettvangsferð að Grafarós og skoðuðu minjarnar sem eru þar og einnig skoðuðu þau efni sem til er á netinu varðandi staðinn. Þau unnu svo verkefni út frá þessu sem þau sýndu foreldrum og öðrum á opnu húsi í sæluviku. Í Bangsbæ var farið í ruslatínslu og búið til listaverk úr ruslinu. Það var ánægjulegt að sjá hversu margir gestir komu á opna húsið. Eftir þemavikuna var formlegu hópastarfi lokið og áhersla lögð á útivist og frjálsan leik. Í Brúsabæ fór skólahópurinn í skólaheimsókn í eina viku. Dvöldu þau í grunnskólanum frá 8:00 – 12:30 og mættu í leikskólann eftir það. Í Brúsabæ tóku nemendur þátt í lokadegi grunnskólans með því að mæta á íþróttavöllinn og horfa á nemendum í fótboltaviðureign gegn kennurum. Eftir að þeirri viðureign lauk var sameiginleg grillveisla. Í lok maí var útskrift skólahóps og myndlistarsýning. Í Brúsabæ var útskriftin haldin með grunnskólanum og málverkasýning í kjölfarið. Útskrift skólahópsins í Bangsabæ var 24. maí. Í Barnaborg lauk skólaheimsóknum 12. maí og var útskrift skólahóps 17. maí. Aðrir uppákomudagar í Barnaborg voru bakstur, hjóladagur, boltadagur og afmælisveisla. Aðrir uppákomudagar í Brúsabæ voru, púsldagur og hjóladagur.

Júní var notaður til að yfirfara leikföng og þvo þau. Um miðjan júní skrápp hluti starfsfólksins til Noregs í námsferð. Þar kynntu starfsmenn sér norska útileikskóla. Af því tilefni var leikskólinn Brúsabær lokaður 9. og 10. júní. Eftir miðjan júní fækkaði börnunum verulega og var orðið fátt síðustu dagana fyrir sumarfrí.

3.4 Útikennsla

Í vetur var haldið áfram að þróa útikennslu. Í Barnaborg heitir útivistarhópurinn Fjörutröll sem eru tveir elstu árgöngunum. Eins og nafn hópsins gefur til kynna var fjaran heimasvæði Fjörutröllanna. Börnin fundu sér stað í fjörunni sem var þeirra svæði og léku sér þar. Í vetur dattu samt allt of margir dagar úr, við þurfum að breyta útikennslunni þar og finna leið sem hentar betur með tilliti til staðsetningar leikskólans. Börnunum finnst alltaf gaman að fara í útivistarhóp og þess vegna er áriðandi að finna leið sem virkar. Í Brúsabæ heitir útivistarhópurinn Skógartröll sem í voru þrír elstu árgangar deildarinnar. Um haustið fundu Skógartröllin sér leynistað og var fylgst með því allan veturinn hvernig hann breyttist eftir árstíðum. Útielddúsið var notað mikið til að baka brauð, steikja lummur, hita kakó og jafnvel var poppað með góðum árangri. Börnin æfðu sig að tálga og smíða og fóru í ýmsa leiki. Lögð var áhersla á að gefa nemendum kost á að skynja skóginn á fjölbreyttan hátt og voru því öll skynfærin þjálfuð með ýmsum leikjum og annarri þjálfun. Einnig var gefinn góður tími til að sitja í rólegheitum við varðeldinn og heyra snarkið í honum, hlusta á sögur og gæða sér á heitu kakói. Það er svo sannarlega ánægjulegt að sjá hversu ríkur þáttur útikennslan er orðin í starfi leikskólans. Nemendur telja skóginn sjálfsgöðan hluta af leikumhverfi sínu og uppspretta leikjahugmynda þeirra með náttúruna eina að vopni er óþrjótandi. Í Bangsabæ eru það Náttúrutröllin sem vinna úti í náttúrunni. Þar sem aðeins einn starfsmaður er í Bangsabæ þá höfum við ekki farið út í það að kveikja eld. Börnin hafa með sér heitt kakó og geta sest niður og iljað sér á því á meðan þau hlusta á hugljúfa sögu eða bara sitja hljóð og hlusta á náttúruna.

3.5 Skólahópur

Skólahópur hittist einu sinni í viku. Unnið var með þrjá fyrstu kaflana í Markvissri málörvun og stærðfræðibókina „Kátt er í Kynjadal“.

Skólahópurinn í Barnaborg fór í heimsókn í Grunnskólann á Hofsósi eftir áramót í alls átta skipti tvo tíma í senn. Þau sátu í tíma með fyrsta bekk og tvisvar á tímabilinu fengu þau að fara í morgunmat með þeim.

Skólahópurinn í Brúsabæ fór í íþróttir og tónmennt með yngstu deild grunnskólans allan veturinn. Einnig fóru þau þegar kostur gafst í markvissa málörvun í útikennslustofu með yngstu deild skólans. Í maí voru þau svo í eina viku alveg í grunnskólanum og mættu kl. 8:00 í skólann en komu svo inn í leikskólann kl. 12:30.

4 Nemendur

Í Tröllaborg dvöldu 1. desember 2010, 36 börn sem skiptust niður á þrjár deildir, Bangsabæ í Fijótum, Barnaborg á Hofsósi og Brúsabæ á Hólum.

4.1 Nemendafjöldi

Bangsabær

Það geta verið 10 börn samtímis í leikskólanum fyrir utan þann tíma sem skarast.

Börn fædd	Fjöldi	drengir	stúlkur	Barngildi árgangs
2005	3	3	0	$0,8 \times 3 = 2,4$
2006	2	2	0	$1,0 \times 2 = 2$
2007	0	0	0	$1,3 \times 0 =$
2008	1	1	0	$1,6 \times 0 = 1,6$
2009	1	0	1	$2,0 \times 1 = 2$
Samtals	7	6	1	8

Barnaborg

Það geta verið 16 börn samtímis í leikskólanum fyrir utan þann tíma sem skarast.

Börn fædd	fjöldi	drengir	stúlkur	Barngildi árgangs
2005	3	2	1	$0,8 \times 2 = 1,6$
2006	2	1	1	$1,0 \times 4 = 4$
2007	4	1	3	$1,3 \times = 3,9$
2008	5	4	1	$1,6 \times 4 = 6,4$
2009	2	0	2	$2,0 \times 5 = 10$
Samtals	16	8	8	25,9

Brúsabær

Það geta verið 40 börn samtímis í leikskólanum fyrir utan þann tíma sem skarast.

Börn fædd	fjöldi	drengir	stúlkur	Barngildi árgangs
2005	4	3	1	$0,8 \times 4 = 3,2$
2006	2	1	1	$1,0 \times 2 = 2$
2007	2	1	1	$1,3 \times 2 = 2,6$
2008	3	1	2	$1,6 \times 3 = 4,8$
2009	2	1	1	$2,0 \times 2 = 4$
Samtals	13	7	6	16,6

4.2 Sérkennsla

Ekkert barn var hjá okkur með verulega fötlun. Nokkur börn þurftu þó stuðning varðandi málþroska. Inga Huld talmeinafræðingur liðsinnti okkur varðandi það.

5 Starfsmenn

5.1 Fjöldi starfsmanna og stöðugildi

Fjöldi starfsmanna miðast við fjölda barna og samsettingar barnahópsins. Taka þarf með í útreikninga varðandi starfsmenn að dagurinn er frá 7:45-16:15, kaffitíma, undirbúning og starfsmenn sem eru í leikskólakennaranámi. Einnig að leikskólinn er rekinn á þremur starfsstöðvum.

Fyrir áramót voru 16 starfsmenn í 11,73 stöðugildum, þar af tveir starfsmenn í ræstingu einn starfsmaður í eldhúsi og húsvörður. Í vetur voru einn leikskólakennari, einn grunnkólakennari, einn þroskaþjálfari og einn þjóðfræðingur.

Starfsmenn eru í þremur stéttarfélögum. Leikskólakennarar og grunnkólakennarar í Félagi leikskólakennara, þroskaþjálfarnir í Félagi þroskaþjálfara en aðrir starfsmenn í Starfsmannafélagi Skagafjarðar.

5.2 Starfsmenn í fjarnámi

Einn starfsmaður Tröllaborgar var í leikskólakennaranámi við HA á Akureyri síðastliðið haust. Námið er fjarnám og var kennt tvisvar í viku og þarf neminn að

sækja þá kennslu í Farskólann á Sauðárkróki. Einnig eru staðarlotur á Akureyri einu sinni í mánuði 2-3 dagar í einu. Tveir starfsmenn voru í fjarnámi í sérkennslufræðum við HÍ og HA og þurftu að fara í staðarlotur einu sinni til tvisvar í mánuði tvo daga í senn.

6 Símenntun

6.1 Ýmis námskeið

Fræðsluskrifstofan stóð fyrir fræðsludegi fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla Skagafjarðar 19. ágúst. Dagskráin hófst á kynningu á fræðsluþjónustunni, þar á eftir var Þórkatla Aðalsteinsdóttir með fyrirlestur um samskipti og samvinnu. Dagurinn endaði á 16 málstofum og vorum við með eina málstofu þar sem við kynntum Græn fánann og útikennsluna.

Hautþing leikskóla á Norðurlandi vestra var haldið á Blönduósi 01. október. Þar voru tveir fyrirlesarar, Elfa Lilja Gísladóttir sem fjallaði um tónlist og Hulda Karen Daníelsdóttir sem fjallaði um millimenningarferni og fordóma.

Námskeiðsdagur leikskóla Skagafjarðar var haldinn að Ársölum miðvikudaginn 9. febrúar. Fyrir hádegi fjallaði Hanna Dóra Björnsdóttir um ADHD. Eftir hádegi voru þrír fyrirlesarar, Þóra Björk Jónsdóttir kynnti byrjendalæsi, Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir kynnti verkefnið „leikur og læsi“ og Inga Huld Þórðardóttir var með innlegg um tal og lesþjálfun. „Einn starfsmaður fór á fyrirlestur um „tákn með tali“ sem haldinn var í Ársölum í apríl.

6.2 Skipulagsdagar

Eins og reglur gera ráð fyrir að voru skipulagsdagarnir tveir. Hálfur skipulagsdagur var 19. ágúst frá 13:00-16:00. Þessi dagur var skipulagður af fræðsluskrifstofu.

Einn og hálfur skipulagsdagur var svo tekinn í júní þegar við fórum í leikskólaheimsókn til Noregs.

7. Mat á skólastarfi

Þar sem fá börn voru milli jóla og nýárs notuðum við einn dag þá til að fara í sjálfsmatið, þ.e. matslista sem heitir „Barnið í Brennidepli“ sem er skosk matsaðferð og er notuð í leikskólum í Skotlandi. Matslistinn er þýddur og staðfærður af Hildi Skarphéðinsdóttur. Barnið í brennidepli er matsaðferð sem á að hjálpa starfsfólki

leikskóla við að meta gæði uppeldis- og menntastarfsins, samskipti starfsfólks, foreldrasamstarf og stjórnun. Við tókum lykilþætti 4 og 5. Skýrsla um sjálfsmatið er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Menntamálaráðuneytið ákvað að gera úttekt á nokkrum leikskólum sem væru að vinna að lestrarverkefnum. Tröllaborg lennti í þessari úttekt og í vor komu tveir aðilar frá HÍ og dvöldu hjá okkur í einn dag og fylgdust með okkur í starfi og tóku viðtöl. Skýrslan er væntanleg í haust og verður kynnt í öllum leik- og grunnskólum landsins.

8 Tölvumál

Tölvumálin eru komin í nokkuð gott lag hjá okkur. Ein talva er fyrir starfsmenn í öllum deildum og ein talva hjá leikskólastjóra. Í Brúsabæ og Bangsabæ hafa börnin aðgang að tölvum inni á deildinni en talvan í Barnaborg hrundi og vegna plássleysis var ákveðið að bíða aðeins með að fá aðra tölvu.

9 Önnur samskipti

9.1 Grunnskólinn

Samstarf milli skólastiga hefur aukist mjög mikið, sérstaklega á Hofsósi og Hólum. Skólahópurinn í öllum deildum fer íþróttir með yngstu deild grunnskólans. Í Fijótum fer skólahópurinn einu sinni í viku klukkutíma í senn, allan veturinn, í tíma í grunnskólann. Í tíu vikur fer skólahópurinn á Hofsósi einu sinni í viku tvo tíma í senn í grunnskólann. Tvisvar fá þau að fara í morgunmat með grunnskólabörnunum. Einnig hafa grunnskólabörnin boðið skólahópsbörnunum í heimsókn á degi íslenskrar tungu og í vinavikunni. Á Hólum hefur verið lestrarverkefni í gangi og hefur það verkefni stóraukið samstarfið milli þessara skólastiga. Gerð var skólanámskrá í kringum samstarfið sem unnið var eftir í vetur og er hún aðgengileg á heimasíðu Tröllaborgar. Auk þessa mikla samstarfs sem er í kringum skólahópinn að þá er heilmikið annað samstarf við grunnskólann. Ýmsar sameiginlegar uppákomur voru og má þar nefna nóvemberskemmtun Grunnskólans að Hólum en þar voru leikskólabörnin með eitt atriði, jólaball, öskudagsball og grillhátíð í vor.

Á Hólum kom það nokkrum sinnum fyrir í vetur að nemendur grunnskólans komu í heimsókn í leikskólann vegna manneklu í grunnskólanum. Eins var skóladagvistun eftir skóla í umsjón leikskólans.

Sameiginleg innkaup eru á öllum hreinlætisvörum og ýmsum öðrum rekstrarvörum.

9.2 Foreldrasamstarf

Samskipti við foreldra hafa alltaf verið góð og jákvæðni gætt hjá öllum og þannig viljum við að það verði áfram. Þar sem samfélagið er lítið þá eru samskiptin mjög persónuleg og fara að mestu leyti fram í daglegum samskiptum. Á haustmánuðum var aðalfundur foreldrafélaganna en foreldrafélag er við hverja deild. Þessi fundur er haldinn í samvinnu við leikskólastjóra og mætir starfsfólk leikskólans á þennan fund og kynnir starfið sem fram á að fara um veturinn. Í febrúar fóru fram foreldraviðtöl í öllum deildum. Allt skipulag leikskólans geta foreldrar fundið inn á heimasíðu leikskólans.

9.3 Vinnuskólanemar

Undanfarin ár hafa verið hjá okkur unglingar frá vinnuskólanum og var það einnig nú. Í Barnaborg var ein stúlka og í Brúsabæ voru tvær stúlkur. Það finnst öllum frábært að fá þessa starfskrafta inn og ekki síst börnin en þetta er mikil og góð tilbreyting fyrir þau.

9.4 Gjafir

Foreldrar í öllum deildum leikskólans færðu leikskólanum gömul leikföng, bækur og púsl að gjöf. Það er gaman að fá slíkar gjafir, við vitum að í okkar þjóðfélagi eru margir ofhlaðnir dóti, eiga í rauninni allt of mikið. Þetta er því skemmtileg endurnýtingarstefna og kunnum við foreldrum okkar bestu þakkir fyrir. Foreldrafélag Barnaborgar færði deildinni þar ýmsar gjafir s.s. barby dúkkur, púsl, búðarkassa, fötur og skóflur, kerru til að draga á eftir sér, lítið tjald, perlur og föndur málningu. Fyrir þessar gjafir færum við okkar bestu þakkir.

10 Skólanámskrá og annað útgefið efni

Skólanámskráin var endurskoðuð og sett á heimasíðuna. Næsta vetur þurfum við svo að endurskoða hana aftur og samræma við nýju Aðalnámskrána.

Foreldrahandbókin var endurskoðuð og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.